



Fundargerð

392. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 14. apríl 2016 kl. 16.30.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Karl Kristjánsson (KK) oddviti, Vilberg Þráinsson (VP), Áslaug Berta Guttormsdóttir (ÁBG), Sandra Rún Björnsdóttir (SRB) og Ágúst Már Gröndal (ÁMG). Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir (IBE) sveitarstjóri og ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er fjórar blaðsíður.

Oddviti bauð fólk velkomið og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá, þrjú mál bárust. Samþykkt samhljóða að taka þau á dagskrá undir liðnum önnur mál. Þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Fundargerðir

1. 391. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn 10. mars 2016.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. Skipulags-, húsnaðis- og hafnarnefnd 11. apríl 2016.

Formaður nefndarinnar fór yfir fundargerðina.

2.1. 1604001 – Kvígindisfjörður 139635, deiliskipulag frístundabyggðar.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Deiliskipulag er samþykkt til auglýsingar skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim fyrirvara að óskað verði álits Minjastofnunar á greinargerð sem fylgir skipulagsupprætti. Samþykkt samhljóða.

2.2. 1604002 – Álftaland 173216, breyting á notkun mannvirkja.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

2.3. 1501010 – Deiliskipulag athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

Sveitarstjórn gagnrýnir vinnubrögð Skipulagsstofnunar varðandi athafnasvæðið á Tröllenda í Flatey. Tvisvar hefur skipulagið verið sent stofnuninni og ítrekað berast nýjar ábendingar sem áður hefðu átt að koma fram.

2.4. 1604003 – Reykhólar 139639, umsókn um stofnun lóðar Mávavatn 1.

ÁBG vék af fundi.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða.

ÁBG kom aftur inn á fund.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

3. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd 29. mars 2016.

Formaður nefndar fór yfir fundargerðina.

3.1 1603010 – Umhverfisdagurinn 2016.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar samhljóða. Umhverfisdagurinn 2016 verður haldinn 7. maí 2016.

3.2 1603012 – Endurvinnslusvæði, flokkun sorps.

Sveitarstjórn samþykkir bókun nefndarinnar. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við Gámaþjónustuna á þeim notum sem fram kemur í bókun nefndarinnar. Samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt í heild sinni.

4. Svæðisskipulagsnefnd 4. apríl 2016.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Mál til afgreiðslu

1. 1603014 – Umsögn um rekstrarleyfi, Flautá Hostel, gistiheimili.

Erindi frá Sýslumanninum á Patreksfirði dagsett 15. mars 2016.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps gerir ekki athugasemd við útgáfu rekstrarleyfis fyrir Flautá Hostel gistiheimili á Reykhólum, samþykkt hefur verið breyting á notkun fasteignarinnar Álftaland 173216 í gistiheimili. Samþykkt samhljóða.

2. 1604004 – Vindorka og skipulagsmál í Flatey.

Erindi frá Orkubúi Vestfjarða ohf. dagsett 4. apríl 2016.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps vísar málinu til umsagnar til dreifbýlisnefndar, íbúa Flateyjar og Framfarafélags Flateyjar. Samþykkt samhljóða.

3. 1604005 – Hugmyndir Breiðafjarðarnefndar um að tilnefna verndarsvæði Breiðafjarðar á lista Ramsarsamningsins.

Erindi frá Breiðafjarðarnefnd dagsett 1. apríl 2016.

Málinu frestað til næsta fundar. Samþykkt samhljóða.

4. 1604006 – Umsókn um skólaakstur.

Erindi frá Ingibjörgu Smáradóttur og Bjarna Þór Bjarnasyni, Klettaborg, dagsett 8. mars 2016.

Sveitarstjórn samþykkir erindið samhljóða. Sveitarstjóra falið að gera samning við Ingibjörgu og Bjarna um skólaakstur grunnskólabarna á heimilinu. Taxi aksturs skal vera skv. auglýstu akstursgjaldi ríkisstarfsmanna hverju sinni, nú 110 kr./km. Samþykkt samhljóða.

5. 1604012 – 61. Fjórðungsþing Vestfirðinga, Ísafirði 4. maí 2016, kjörbréf.

KK, ÁBG, ÁMG og SRB mæta á fundinn fyrir hönd Reykhólahrepps með jafnan atkvæðarétt, ásamt sveitarstjóra. Samþykkt samhljóða.

6. 1604009 – Ársfundur Umhverfisstofnunar 29. apríl 2016.

Lagt fram og kynnt, sveitarstjórn sendir ekki fulltrúa á fundinn. Samþykkt samhljóða.

Mál til kynningar

1. 1604007 – Erindi til umræðu í sveitarstjórnnum, heilbrigðisnefndum og stjórnnum landshlutasamtaka. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 31. mars 2016.

Lagt fram og kynnt.

2. 1603015 - Reykhólahreppur – Reykhólar, styrkur til hönnunar og merkinga 2016.

Lagt fram og kynnt.

3. 1604008 – Minnisblað um stöðu samningaviðræðna um daggjöld hjúkrunarheimila við Sjúkratryggingar Íslands.

Minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 4. mars 2016

Lagt fram og kynnt.

4. 1604010 – Tillaga að stefnu í úrgangsmálum til sveitarfélaga og sorpsamlaga.

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dagsett 5. apríl 2016.

Lagt fram og kynnt.

5. 1603009 – Fundargerð 837. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 29. janúar 2016 og 26. febrúar 2016.

Fundargerð lögð fram.

6. 1602008 - Fundargerð stjórnar Fjórðungssambands Vestfirðinga 21. mars 2016.

Fundargerð lögð fram.

7. 1404011 - Fundargerð 106. fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarða og starfsskýrsla 2015.

Fundargerð lögð fram ásamt starfsskýrslu.

Önnur mál (ef einhver), löglega upp borin:

8. 1604013 – Styrkbeiðni frá nemendum Reykhólaskóla vegna Danmerkurferðar.

Sveitarstjórn samþykkir styrk að upphæð kr. 10.000 á hvern nemanda sem tekur þátt í ferðinni. Samþykkt samhljóða.

9. 1604014 – Húsaleigustyrkur fyrir Bata- og hlunnindasýninguna árið 2016.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps samþykkir erindið samhljóða.

10. 1604015 – Aðalfundur Bata- og hlunnindasýningarinnar 2016.

KK og sveitarstjóri mæta á aðalfund Bata- og hlunnindasýningarinnar sem áætlað er að halda á vordögum og fer KK með atkvæði sveitarfélagsins. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 18:30.

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |